

Ytra mat grunnskóla

Grunnskólinn á Þórshöfn

Apríl 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Langanesbyggð.

Höfundar: Svanhildur María Ólafsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2620-4

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Grunnskólann á Þórshöfn.....	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	11
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2. Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms.....	18
2.5 Námsvitund	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag.....	22
3.2 Framkvæmd.....	22
3.3 Umbætur	22
Þáttur 4 – Upplýsingatækni í skólastarfi.....	24
4.1 Stjórnun	24
4.2 Kennsluhættir	24
4.3 Nám nemenda og notkun þeirra á tækinu	25
4.4 Samskipti heimilis og skóla	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum á Þórshöfn sem fram fór á vorönn 2021. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrir fram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn *upplýsingatækni í skólastarfi*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitarfélagið að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Sýn og stefna skólans endurspeglar áherslur á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannhópinn sem liðsheild.
- Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins.
- Litið er á starfsþróun skólans sem samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks.
- Almenn sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram að ganga.
- Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetur aðra starfsmenn til starfsþróunar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka sem fyrst endurskoðun skólanámskrár og birta á heimasíðu skólans.
- Fylgja því eftir að í starfsáætlun skólans séu allir þeir þættir sem á að birta upplýsingar um samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, forvarnaráætlun ásamt jafnréttisáætlun sem nær til nemenda og starfsmanna í starfsáætlun.
- Birta skipurit skólans í starfsáætlun.
- Tryggja að námskrár og kennsluáætlanir séu gerðar fyrir alla námshópa og námsgreinar.
- Tryggja að fulltrúar skólasamfélagsins eigi möguleika á að taka þátt í stefnumörkun í skólastarfi.
- Tryggja að allir sem koma að skólastarfi skrifi undir skjal um trúnað.
- Skrá framgang þróunarverkefna þannig að hann sé skólasamfélaginu aðgengilegur.
- Tryggja að á heimasíðu séu allar mikilvægar upplýsingar um skólastarfið og að þær séu aðgengilegar.
- Kynna heimasíðuna markvisst fyrir foreldrum.
- Skólaráð sé virkt í skólasamfélaginu og vinni samkvæmt reglugerð.
- Nýta fjarfundi með skólaráði ef ekki er hægt að funda með öðrum hætti.
- Nemendafélag og skólaráð setji sér starfsáætlanir.
- Stjórnandi veiti kennurum endurgjöf fyrir framvindu kennslustunda og kennsluhætti.
- Starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn og þær aðgengilegar.
- Skrá upplýsingar um hvar og hvernig starfsfólk geti leitað eftir handleiðslu og ráðgjöf.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Styrkleikar

- Einkunnarorð og gildi skólans eru skýr og í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags.
- Samskipti nemenda og starfsfólks einkennast af virðingu og vinsemd.
- Fram kemur í drögum að skólanámskrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólastarfinu.
- Í drögum að námskrám nemendahópa koma fram lykilhæfni og hæfniviðmið.
- Stefna skólans um námsaðlögun er sýnileg og virk í daglegu skólastarfi á vettvangi.
- Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar.
- Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa til að efla framfarir nemenda.
- Samskipti í skólanum eru góð og nemendum líður vel samkvæmt niðurstöðum kannana og í rýnihópi nemenda.
- Foreldrar eru ánægðir með nám, kennslu, líðan nemenda og samskipti í skólanum.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að margbreytilegum þörfum allra nemenda.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í námi sínu.
- Nemendum er kennt að taka þátt í að setja sér markmið í námi.
- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka sem fyrst endurskoðun námskráa og birta á heimasíðu skólans.
- Gæta þess að samræma framsetningu námskráa og kennsluáætlana með tilskildum þáttum sem fram koma í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast lykilhæfni og námsgreinum í skólanámskrá.
- Vinna markvisst að því að efla sjálfsálit nemenda.
- Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.
- Skoða leiðir til að efla og virkja þátttöku foreldra við gerð námsáætlana með nemendum.
- Skilgreina betur hvað felst í námsmati í kennsluáætlunum í samræmi við markmið náms og hæfniviðmið.
- Vinna markvisst með grunnþætti menntunar og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Skrá í skólanámskrá hvernig unnið er markvisst að þróun námsvitundar nemenda.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Styrkleikar

- Langtímaáætlun innra mats 2021–2024 liggur fyrir.
- Hafin er vinna við skipulag og framkvæmd innra mats.
- Mat og ígrundun á námi og árangri nemenda fer fram reglulega á óformlegan hátt.
- Við öflun gagna nýtir skólinn niðurstöður kannana í Skólapúlsi, samræmdra prófa og lesskimana Menntamálastofnunar.

Tækifæri til umbóta

- Meta markvisst stefnu skólans og starfshætti.
- Byggja upp fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir og matstæki.
- Vinna að formlegri innramatsskýrslu og birta á heimasíðu.
- Nýta og skrá markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur.
- Upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur innra mats.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, verkefni, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Þáttur 4 – Upplýsingatækni í skólastarfi

Styrkleikar

- Áherslur á notkun UT eru sýnilegar og sjálfsgæður hluti í öllu skólastarfi.
- Allir nemendur hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum við notkun UT í námi sínu.
- Stjórnendur og kennarar leggja áherslu á breytta kennsluhætti með því að nota UT.
- Kennarar nýta rafrænt námsefni og tæknilegar lausnir við nám og kennslu.
- Nám og kennsla er skipulögð þannig að tækni og fjölbreytni er eðlilegur hluti námsins.
- Nemendur eru meðvitaðir um hvernig þeir nýta stafræna tækni til að efla nám sitt.
- Settar hafa verið reglur um notkun spjaldtölva/snjalltækja í skólastarfinu sem allir hagsmunaaðilar eru sáttir við.
- UT er nýtt til upplýsinga til foreldra og nemenda með fjölbreyttum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Móta og skrá stefnu skólans um markmið, helstu áherslur og framkvæmd UT í skólanámskrá.
- Skilgreina hvernig UT er nýtt og samþætt öðrum námsgreinum.
- Móta og skrá markmið og leiðir UT í námi nemenda í námskrár hópa og kennsluáætlanir.
- Kynna innleiðingu og framkvæmd UT á markvissan hátt fyrir foreldrum og skólasamfélagi.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Grunnskólann á Þórshöfn

Grunnskólinn á Þórshöfn var stofnaður 1933 en fyrsti hluti núverandi byggingar var tekinn í notkun 1945. Sá hluti ásamt öllu húsnæðinu var endurgerður fyrir um fjórum árum síðan. Fyrir nokkrum árum sameinuðust Grunnskólinn á Bakkafirði og Svalbarðsskóli við Grunnskólann á Þórshöfn. Nemendur koma bæði úr dreifbýli og þéttbýli og skólabílar aka frá Bakkafirði, úr Svalbarðshreppi og af Langanesi. Grunnskólinn er samkennsluskóli þar sem nemendum er kennt í sex námshópum skólaárið 2020–2021. Samkennsluhópar eru mismunandi eftir skólaárum og miðast fyrst og fremst við samsetningu nemendahópsins hverju sinni.

Einkunnarorð skólans eru virðing, virkni, vinsemi og vellíðan.

Árið 2011 var gerð úttekt á starfsemi Grunnskólans á Þórshöfn og í kjölfar hennar skilaði skólinn umbótaáætlun til mennta- og menningamálaráðuneytis.

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Eftirfylgni%C3%BAttekt%20%C3%AD%20grunnsk%C3%B3lanum%20%C3%A1%20%C3%9E%C3%B3rsh%C3%B6fn%202016.pdf>.

Framkvæmd umbótaáætlunar var gerð í kjölfar eftirfylgniúttektar, júlí 2019.

<https://www.grunnskolin.com/static/files/Aaetlanir/framkvaemd-umbo-taa-aetlunar-ju-li-2019.pdf>.

Umfjöllun um niðurstöður þessara úttekta og framkvæmd umbótaáætlunar er að finna í skýrslunni ef þörf krefur.

Í skólanum eru 65 nemendur á vorönn 2021. Fjöldi nemenda eftir námshópum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	4	4	9	7	10	8	5	3	6	9
Fjöldi bekkjardeilda	1		1	1	1			1	1	
Samkennsluhópar	1.–4. bekkur				6.–8. bekkur			8.–9. bekkur		

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru sjö. Nemendur af erlendum uppruna eru 15. Nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum eru 14 og nemendur með einstaklingsnámskrá eru 12. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi á skólaárinu 2020–2021.

Við skólann starfar skólastjóri sem er á öðru starfsári og er í 70% stöðu við stjórnun og 30% stöðu við kennslu. Staðgengill skólastjóra er umsjónarkennari við skólann ásamt því að vera verkefnastjóri og ber hann ábyrgð á ýmsum skráningum, heimasíðu og fyrirlögnum staðlaðra prófa. Deildarstjóri sérkennslu starfar í um 38% hlutfalli við stjórnun og um 62% við kennslu.

Stöðugildi grunnskóla, tónlistarskóla, skólabókasafns og frístundar eru tæplega 17. Starfsmenn í heild eru 24 í mismunandi stöðuhlutföllum. Þar af eru átta kennarar, sjö leiðbeinendur, þrír almennir starfsmenn auk iðjuþjálfra og skólahjúkrunarfræðings í hlutastörfum.

Tónlistarskóli Langanesbyggðar er hluti af Grunnskólanum á Þórshöfn og fer kennsla fram í húsnæði tónlistarskólans í félagsheimilinu Þórsveri. Skólastjóri grunnskólans er einnig skólastjóri tónlistarskólans en í tónlistarskólanum starfar deildarstjóri við 20% stjórnun og 80% kennslu.

Upplýsingar vegna Covid-19 á haustönn 2020 og vorönn 2021.

Dagana 3.–17. nóvember 2020 var styttri skóladagur hjá öllum nemendum en skóla lauk þá kl. 12.00. Frá 18. nóvember til 1. desember var skóladagur hjá 1.–4. bekk 15 mínútum lengri á dag. Á vorönn 2021 hefur ekki þurft að fella niður skólastarf nema tvo daga fyrir páskafrí eins og allir aðrir skólar á landinu gerðu. Hægt hefur verið að skipuleggja skólastarfið samkvæmt viðmiðunarstundatöflu á vorönn 2021.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfs-manna-stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	--	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla. Unnið er að nýrri og endurskoðaðri skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn sem byggir stefnu sína á skólastefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Því verki miðar vel og verður gildistími nýrrar skólanámskrár skólaárin 2021–2025. Lögbundnum atriðum sem eiga að vera í skólanámskrá eru gerð góð skil í þeim drögum sem liggja fyrir. Í samtali við skólastjóra er áætlað að skólanámskráin verði kynnt öllum hagsmunaaðilum og birt opinberlega á heimasíðu skólans fyrir næsta skólaár.

Mótuð hafa verið einkunnarorð fyrir skólastarfið, þau eru *virðing, virkni, vinsemd og vellíðan*. Matsaðilar gátu merkt á vettvangi að starfsfólk og nemendur vinna út frá þessum gildum. Sýn og stefna skólans endurspeglar áherslur á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum og sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.

Skólinn starfar eftir uppeldisstefnu sem nefnist jákvæður agi (Positive Discipline). Jákvæður agi byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi og með þeirri stefnu skilgreinir skólinn hvað felst í jákvæðum skólabrag. Í rýnihópum foreldra¹ kom fram að þeir hafi ekki fengið sérstaka kynningu á því hvað felst í sameiginlegri ábyrgð á jákvæðum skólabrag.

Fram kom í rýnihópum að ekki hefur verið haft sérstakt samráð við foreldra, nemendur og aðra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu um stefnumótun. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að ráðið fær aðallega kynningu á því sem gert er, en kemur ekki að eiginlegri stefnumörkun fyrir skólann.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og uppfyllir hún að mestu leyti þau viðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og er uppfærð árlega. Skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum er til staðar en er ekki að finna í starfsáætlun eða á heimasíðu skólans.

Námskrár námshópa eru í endurskoðun en ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Kennsluáætlanir eru til staðar í öllum greinum og birtar í Mentor þar sem þær eru aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur. Að sögn skólastjóra er samræmd vinna í gangi hvað varðar námskrár og kennsluáætlanir. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, forvarnaráætlun ásamt jafnréttisáætlun sem nær til nemenda og starfsmanna eru í vinnslu og voru matsaðilum aðgengilegar en hafa ekki verið birtar opinberlega.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggur skólastjóri áherslur á það jákvæða í skólastarfinu. Fram kom hjá þátttakendum í öllum rýnihópum að svo sé.

¹ Í þessari skýrslu er hér eftir talað um forsjáraðila sem foreldra.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Vel má merkja að stjórnendur skólans hafa metnað og væntingar til náms nemenda, hvetja til þróunar kennsluhátta og skapa svigrúm fyrir starfsþróun innan og utan skóla með það að markmiði að bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir hvetja til faglegs samstarfs og samráðs um nám og kennslu. Samkvæmt viðtali við skólastjóra þá er unnið eftir menningu lærdómssamfélags í skólanum.

Unnið er að gerð starfsþróunaráætlunar eins og öðru sem tengist endurskoðun og gerð skólanámskrár. Upplýsingar um starfsþróun er til staðar og þar koma fram áætluð verkefni frá mars 2020 til apríl 2021. Sjá má markmið skólaþróunar fyrir skólaárið 2021–2022 og tengjast þau áherslum skólans um teymiskennslu í lærdómssamfélagi. Fram kom í viðtali við skólastjóra að skólinn hefði fengið styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla sveitarfélaga til þessa verkefnis.

Starfsþróunaráætlunin er ekki fullnægjandi þar sem það vantar upplýsingar um réttindi og skyldur starfsþróunar, fjármögnun starfsþróunar og fasta liði í starfsþróun ásamt því að tilgreina hver ber ábyrgð, hverjir sækja starfsþróun, hvað er gert og hvenær.

Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannhópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni starfið í skólanum.

Fundarskipulag skólaársins er til staðar og er sýnilegt í vinnuaðstöðu starfsfólks. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg, sem beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum og skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Það er meðal annars gert með formlegum fundum, opnum viðburðum í skólastarfinu, vikulegum fréttabréfum af skólastarfinu á hverjum föstudegi, fréttum á heimasíðu ásamt Facebook-síðu skólans. Samkvæmt viðtali við skólastjóra á hann aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál sveitarfélagsins sem áheyrnarfulltrúi í velferðar- og fræðslunefnd Langanesbyggðar.

Skólastjóri telur að foreldrasamfélagið sé vel upplýst um skólastarfið en það sé ekki leitað til foreldra um hugmyndir og leiðir í skólastarfi og segir: „Við mættum vera mun duglegri þar.“ Skólastjóri vill auka áhrif foreldra og nærsamfélags í stefnumótun og ákvarðanatöku til að byggja upp sterkara skólasamfélag og er það á döfinni.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og það er litið á það sem mikilvægan hlekk í skólastarfinu. Fram kom í rýnihópi foreldra að foreldrafélagið hafi ekki verið virkt á þessu skólaári í ljósi aðstæðna.

Samskipti við foreldra beinast aðallega að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Samfélagið er lítið og aðgengi foreldra að stjórnendum og kennurum gott að sögn foreldra í rýnihópi. Stjórnendur fá upplýsingar um sýn foreldra til að efla skólastarfið aðallega í gegnum foreldrakannanir Skólalúpsins². Samskipti eru markviss við leik- og framhaldsskólastig, frístundastarf, stofnanir í sveitarfélaginu og grenndarsamfélag að sögn viðmælenda í rýnihópum.

² Skólalúpsinn er valkvætt vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Í mars 2021 var lögð fyrir foreldrakönnun, svarhlutfall foreldra var um 91%. Þar kom meðal annars fram að 100% þátttakenda eru ánægðir með stjórnun skólans sem er marktækt yfir meðaltali þeirra skóla sem taka þátt. Um 97% foreldra eru ánægðir með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda. Um 63% foreldra eru ánægðir með hvernig stefna skólans og námskrár eru kynntar og eru þær niðurstöður marktækt undir landsmeðaltali þátttökuskóla Skólapúlsins.

Tilnefndir hafa verið einstaklingar í skólaráð Grunnskólans á Þórshöfn til tveggja ára og má sjá það á heimasíðu skólans. Að sögn viðmælenda í rýnihópi skólaráðs var ekki kosið í ráðið heldur voru einstaklingar tilnefndir. Í eftirfylgniúttekt á Grunnskólanum á Þórshöfn 2015 eru gerðar athugasemdir sem lúta að skólaráði, starfsemi þess og kosningu fulltrúa. Í framkvæmd umbótaáætlunar skólaárið 2019 er eitt af verkefnum að endurvekja skólaráðið.

Skólaráð skólans 2021 er óvirkt, það hefur ekki fundað þetta skólaár og ekki tekið þátt í lögbundnum verkefnum eins og að samþykka skólanámská, skóladagatal, starfsáætlun og fleira sem því ber eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um. Í rýnihópi nemenda kom fram að skólaráð fundaði einu sinni á skólaárinu 2019–2020. Mikilvægt er að skólaráð starfi undir stjórn skólustjóra eins og lög gera ráð fyrir og að það setji sér starfsáætlun fyrir hvert skólaár.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af starfi stjórnenda. Niðurstöður kannana og skimana eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs að sögn skólustjóra, en ekki er til skráð ferli eða verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna þær og eiga samræður um þróun og umbætur til að efla árangur nemenda.

Skólustjóri stýrir innleiðingu umbóta- og þróunarverkefna af þekkingu og skilningi. Tryggt er að starfsfólk fái viðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur skólans. Framgangur þróunarvinnu er ræddur á fundum, ekki skráður reglulega en uppfærður þannig að auðvelt sé að fylgjast með framgangi verkefna sem skólinn tekur þátt í. Litið er á starfsþróun skólans sem samstarfsverkefni stjórnenda og starfsmanna. Nýlega hlaut Grunnskólinn á Þórshöfn styrk úr Sprotasjóði til að þróa enn frekar áherslur sínar hvað varðar það að byggja upp og þróa lærdómssamfélag í skólasamfélagi Langanesbyggðar.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Heimasíða skólans er virk og á henni eru upplýsingar um þætti er varða skólastarfið. Þar vantar þó ýmsar upplýsingar um starfið sem þurfa að vera aðgengilegar og birtar opinberlega. Þegar heimasíðan er skoðuð kemur í ljós að misræmi er í uppsetningu og þeim upplýsingum sem eiga að koma fram undir þeim tenglum sem settir hafa verið upp. Í rýnihópi foreldra kom fram að fulltrúar voru almennt ekki vissir um hvort heimasíðan innihéldi réttar og hagnýtar upplýsingar en almennt virtust þeir fylgjast frekar með Facebook-síðu skólans.

Almenn sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og kemur það glöggt fram í niðurstöðum nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir í mars og apríl 2021. Eins og fram hefur komið eru niðurstöður þar marktækt yfir meðaltali þeirra skóla er taka þátt hvað varðar stjórnun, valdeflandi og sanngjarna forystu. Daglegt starf er vel skipulagt og ef ágreiningur kemur upp er hann leystur fljótt og vel að mati. Sjá má að sveitarfélagið skapar í samstarfi við skólustjóra, starfsfólki og nemendum heilbriggt og öruggt starfsumhverfi.

Skólareglur eru skráðar og sendar heim til foreldra að hausti, þeir þurfa að lesa þær yfir með nemanda og undirrita. Þannig tryggir skólinn að skólareglurnar séu ljósar foreldrum og nemendum. Viðurlög við brotum eru ekki skráð þar sem skólinn vinnur eftir stefnu um jákvæðan aga sem felur í sér að horft sé til orsakahegðunar fremur en að reyna að breyta hegðun með umbun eða refsingu. Með því er nemendum kennt að vera kurteis, ábyrgðarfull, úrræðagóð og fær í samskiptum. Samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum 1040/2011 ber skólum að vera með skráð viðurlög við brotum.

Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Öllum sem koma að skólastarfinu eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað og flestir undirrita skjal um trúnað í starfi og þagnarskyldu. Við ráðningu nýs starfsfólks er þess gætt að farið sé eftir lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Fylgst er með því að aðbúnaður skólans sé öruggur eins og lög kveða á um.

Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram að ganga. Nemendafélag er starfandi í skólanum og fulltrúar nemenda eru kosnir í það í upphafi skóla. Formaður nemendafélags kynnir niðurstöður af nemendafélagsfundum fyrir eldri nemendum með því að fara í bekk. Nemendur fá ekki sérstaka þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri í tengslum við störf í nefndum og ráðum á vegum skólans. Nemendafélag hefur ekki sett sér starfsáætlun.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsfólk í byrjun apríl 2021 og var 100 % þátttaka. Niðurstöður voru mjög jákvæðar hvað varðar stjórnun skólans. Starfsandi var umtalsvert betri en annarra þátttökuskóla, einnig kom fram að stuðningur stjórnanda við starfsfólk var fyrir ofan meðaltal. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að stjórnandi hrósar því fyrir vel unnin störf og fylgist vel með skólastarfinu.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári, þau eru skráð og meðal annars nýtt til að fylgjast með framvindu starfsþróunar. Ánægja er með starfsþróunarsamtölin og kom það skýrt fram í starfsmannakönnun Skólapúlsins og einnig í rýnihópi kennara og starfsfólks. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að skólastjóri lítur reglulega við í kennslustundum en ekki með það að markmiði að veita kennurum endurgjöf fyrir framvindu kennslustunda og kennsluhætti.

Skólastjóri leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms. Við stjórnun má vel merkja að lögð er áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.

Starfslýsingar eru til fyrir flesta starfsmenn að sögn skólastjóra en gæta þarf þess að þær séu til fyrir alla og að þær séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetur annað starfsfólk til starfsþróunar til að efla starf skólans. Mannauður skólans er vel nýttur og skólastjóri felur starfsfólki ábyrgð á að leiða ákveðin verkefni er snúa að skólastarfinu. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að þeim finnst þeir njóta trausts og að þeir eigi möguleika á að bera ábyrgð.

Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að ekki er til skráð ferli um faglega handleiðslu og ráðgjöf en þeir telja að ef á þyrfti að halda væri það auðsótt. Starfsfólk er hvatt til að huga að heilsu sinni og því er veitt svigrúm til þess.

Styrkleikar

- Sýn og stefna skólans endurspeglar áherslur á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannhópinn sem liðsheild.
- Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólustarfsins.
- Litið er á starfsþróun skólans sem samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks.
- Almenn sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Skólastjóri tryggir að sjónarmið nemenda nái fram að ganga.
- Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetur aðra starfsmenn til starfsþróunar.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka sem fyrst endurskoðun skólanámskrár og birta á heimasíðu skólans.
- Fylgja því eftir að í starfsáætlun skólans séu allir þeir þættir sem á að birta upplýsingar um samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, forvarnaráætlun ásamt jafnréttisáætlun sem nær til nemenda og starfsmanna í starfsáætlun.
- Birta skipurit skólans í starfsáætlun.
- Tryggja að námskrár og kennsluáætlanir séu gerðar fyrir alla námshópa og námsgreinar.
- Tryggja að fulltrúar skólasamfélagsins eigi möguleika á að taka þátt í stefnumörkun í skólastarfi.
- Tryggja að allir sem koma að skólastarfi skrifi undir skjal um trúnað.
- Skrá framgang þróunarverkefna þannig að hann sé skólasamfélaginu aðgengilegur.
- Tryggja að á heimasíðu séu allar mikilvægar upplýsingar um skólastarfið og að þær séu aðgengilegar.
- Kynna heimasíðuna markvisst fyrir foreldrum.
- Skólaráð sé virkt í skólasamfélaginu og vinni samkvæmt reglugerð.
- Nýta fjarfundi með skólaráði ef ekki er hægt að funda með öðrum hætti.
- Nemendafélag og skólaráð setji sér starfsáætlanir.
- Stjórnandi veiti kennurum endurgjöf fyrir framvindu kennslustunda og kennsluhætti.
- Starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn og þær aðgengilegar.
- Skrá upplýsingar um hvar og hvernig starfsfólk geti leitað eftir handleiðslu og ráðgjöf.

Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá skólans og námskrár nemendahópa eru í endurskoðun og vinnslu og því ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í vinnugögnum sem matsaðilar fengu aðgang að má sjá að verið er að vinna skólanámskrá í samræmi við stefnu menntayfirvalda og sveitarfélags. Þar er meðal annars gerð grein fyrir því hvernig unnið er með einkunnarorð skólans og grunnþætti menntunar. Þá hefur skólinn sett sér ákveðin gildi til að vinna eftir:

- Við komum í skólann til að nýta hæfileika okkar og vaxa og þroskast sem einstaklingar.
- Við leggjum okkur fram og við gerum okkar besta.
- Við sýnum hvert öðru virðingu og kurteisi í öllum samskiptum.

Í drögum að námskrám nemendahópa koma fram lykilhæfni og hæfniviðmið en þar á eftir að útfæra markmið, leiðir, námsmat og hvernig námsaðlögun er háttað í námsgreinum og/eða viðfangsefnum. Fram kom í eftirfylgniúttekt á skólanum 2016 að samræma og klára þyrfti bekkjarnámskrár og birta á heimasíðu. Það sama kemur fram í framkvæmd umbótaáætlunar skólaárið 2019.

Náms- og kennsluáætlanir eru að hluta skráðar í Mentor og eru þar aðgengilegar nemendum og foreldrum. Áætlanirnar eru mismunandi útfærðar eftir kennurum og fögum. Í mörgum þeirra koma fram markmið, hæfniviðmið, leiðir, viðfangsefni, náms- og kennsluefni og námsmat en sumar þeirra eru einungis með hluta eða nokkra af framangreindum þáttum.

Í drögum að skólanámskrá og á vettvangi kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað í skólanum og er stefnan sú að nemendur fá stuðning inni í námshópum og í sínu námsumhverfi. Skipulag kennslunnar á að taka mið af þörfum hvers einstaklings og er það gert með samkennslu, fjölbreyttum kennsluháttum og mismunandi blöndun árganga eftir þörfum nemenda í námshópnum. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru unnar innan ramma bekkjarnámskráa og miðast við þarfir viðkomandi nemanda.

2.2. Árangur náms


Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa og brugðist við með það að markmiði að efla árangur og framfarir nemenda. Skólastjóri, sérkennari og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla nám og kennslu nemenda og nemendahópa. Árangur og framfarir nemenda eru skráðar í Mentor. Í drögum að skólanámskrá og námskrám nemendahópa er ekki gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast lykilhæfni og námsgreinum.

Samræmd könnunarpróf

Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30, rauða strikálínan í gröfunum. Skólinn birtir ekki greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í skýrslum sínum. Þegar færri en tíu nemendur eru í árgangi má ekki


birta árlegar niðurstöður en þá er uppsafnaður árangur árganga skólans birtur. Þannig er unnið úr samræmdum könnunarprófum í þessari skýrslu um Grunnskólann á Þórshöfn.

Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði er yfir landsmeðaltali og fer vaxandi.




Mynd 1. Uppsafnaður árangur nemenda í 4. bekk í íslensku og stærðfræði.

Uppsafnaður árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist að og er nú rétt undir landsmeðaltali í báðum námsgreinum.



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur 9. bekkjar í íslensku og stærðfræði er rétt undir landsmeðaltali. Þá má sjá að uppsafnaður árangur í ensku er töluvert yfir landsmeðaltali.



Mynd 3. Uppsafnaður árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Lesfimi flestallra árganga skólans er um og yfir landsmeðaltali, einn árgangur er nokkuð undir landsmeðaltali varðandi meðaltal lesinna orða. Hafa ber í huga að prófið er tekið í janúar en viðmið Menntamálastofnunar ganga út frá því að samanburður fari fram í maí. Í nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2020–2021 kemur fram að ánægja nemenda af lestri er rétt yfir landsmeðaltali en þar er ekki um marktækan mun að ræða.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.–10. bekkjar um líðan í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Niðurstöður Skólapúlsins frá því í apríl 2021 sýna að svör nemenda skólans eru sambærileg svörum annarra nemenda í skólum sem taka þátt í Skólapúlsinum á 17 af þeim 20 þáttum sem skoðaðir eru

Þeir þættir sem eru marktækt undir landsmeðaltali eru áhugi á stærðfræði og sjálfsálit nemenda. Sá þáttur sem er marktækt yfir landsmeðaltali er agi í tímum og kom það vel fram á vettvangi þar sem framkoma nemenda og virkni í námi voru til fyrirmyndar. Þá kom fram í rýnihópi nemenda að þeim líður vel í skólanum og þeir telja að það sama eigi við um flesta nemendur.

Matsþátturinn einelti mælist í nemendakönnun Skólapúlsins við landsmeðaltal. Tíðni eineltis er undir landsmeðaltali en ekki er þar um marktækan mun að ræða. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins í mars 2021 sýna að foreldrar eru almennt sáttir við hvernig unnið er með þau eineltismál sem upp hafa komið.

Niðurstöður Skólapúlsins sýna einnig að foreldrar eru ánægðir með nám og kennslu og telja að nemendum líði vel í skólanum. Er þessir þættir fyrir ofan landsmeðaltal. Í rýnihópi foreldra kom einnig fram ánægja með nám, kennslu og samskipti í skólanum. Þátttaka foreldra við gerð námsáætlana með nemendum, hæfileg heimavinna og tími til að aðstoða nemendur við hana eru þættir sem eru fyrir neðan landsmeðaltal. Þegar niðurstöður eftirfylgniúttektar 2016 og framkvæmd umbótaáætlunar skólans fyrir skólaárið 2019 eru skoðaðar og bornar saman við nýjar niðurstöður Skólapúlsins 2021 kemur fram að árangur hefur náðst í að bæta samskipti og líðan nemenda sem og samskipti skólasamfélagsins í heild.

2.3 Gæði kennslu


Stefna skólans um einstaklingsmiðað nám og fjölbreytta kennsluhætti er sýnileg á vettvangi. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsmanna og viðtali við skólastjóra að það sem einkenndi nám og kennslu væri sveigjanleiki, fjölbreytni, einstaklingsgæmi og samvinna kennara. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að margbreytilegum þörfum allra nemenda, bæði þeirra sem þarfnast stuðnings og bráðgerra nemenda. Námsaðlögun er ekki skráð í kennsluáætlanir eins og fyrr segir en sjá mátti á vettvangi að námsaðlögun nemenda felst í skipulagi náms og kennslu og margbreytilegum námshópum nemenda.

Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur. Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlanir og í nokkrum þeirra kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, lykilhæfni og hæfniviðmið. Í flestum þeirra kennslustunda sem matsaðilar heimsóttu var nemendum hvorki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni. Fram kom þó í viðtölum við kennara að þessir þættir eru skráðir í kennsluáætlanir í Mentor og nemendum er yfirleitt gerð grein

fyrir þeim í upphafi verkefna. Einnig kom fram í rýnihópi kennara og starfsfólks að nemendur í 8.–9. bekk setja sér markmið í náminu mánuð í senn og að verið er að þróa og vinna með nemendum í að setja sér markmið á yngsta og miðstigi.

Námsmat er í meginatriðum fjölbreytt og kemur fram í flestum kennsluáætlunum en án skilgreininga á því hvað felst í matinu. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að námsmat felist í prófum, verkefnavinnu, verklegu mati, sjálfsmati nemenda, kennaramati, jafningjamati og munnlegum prófum. Fram kom í rýnihópi nemenda að eldri nemendur þekkja sjálfsmat og jafningjamat. Á vettvangi var sýnilegt að yngri nemendur taka einnig þátt í sjálfsmati.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 4. Kennsluáherslur.

Matsaðilar voru á vettvangi í 16 kennslustundum hjá öllum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar og nokkrar frábærar.

2.4 Skipulag náms


Eins og fyrr segir er nemendum skipt í sex námshópa, 1.–3. bekkur, 4. bekkur, 5. bekkur, 6.–8. bekkur, 8.–9. bekkur og 10. bekkur. Ýmist er um samkennsluhópa að ræða eða árgangahópa og yngsta stigið 1.–4. bekkur vinnur töluvert saman meðal annars í hringekjum og þema. Námshópar eru skipaðir út frá fjölda nemenda en einnig félagslegum og námslegum þörfum nemenda og því skarast heiti þeirra. Fjöldi nemenda í námshópum er yfirleitt frá fimm til tólf.

Umsjónarkennari veitir formlega upplýsingar um námslega stöðu tvisvar á ári í nemenda- og foreldraviðtölum, auk þess sem foreldrar og nemendur hafa aðgang að námsframvindu í Mentor.

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga. Þeir nýta að hluta til teymisvinnu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður. Fram kom á vettvangi og í rýnihópi kennara og

starfsfólks að töluvert er unnið með samþættingu námsgreina og má þar meðal annars nefna íslensku, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Sjá mátti á vettvangi að nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og að námsumhverfið er nýtt á margbreytilegan hátt.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Námsathafnir nemenda á vettvangi voru fyrst og fremst einstaklingsvinna, athuga ber að nemendur geta rætt saman og aðstoðað hvern annan innan skilgreiningar á einstaklingsvinnu en vinna sjálfstætt sitt verkefni. Samvinna og blanda af einstaklings- og samvinnu voru í hluta kennslustunda á vettvangi.



Mynd 5. Námsathafnir.

Skóladagatal 2020–2021 uppfyllir viðmið aðalnámskrár. Nemendur í námshópum fá tilskilinn kennslustundafjölda á viku samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Valáfangar eru í 7.–10. bekk og eru þeir í fimm kennslustundir á viku, bundið val er í list- og verkgreinum. Tónlistarskólinn er starfræktur við skólann og tónlistarnám fer fram bæði á skólatíma nemenda og síðdegis. Nemendur sem fara úr lögboðinni kennslu á skólatíma eru með rúllandi tímasetningar.

Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi og fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks og í viðtali við skólastjóra að meðal annars væri um að ræða starfsnám fyrir nemendur, samstarf við ungmennafélagið, tónlistarskóla og bóksafn. Þá hafa valáfangar verið kenndir á vinnustöðum sem og reiðnámskeið, björgunarsveitarval og sjómennskuval. Fram kemur í skólastefnu Langanesbyggðar að áhersla er lögð á góð tengsl skóla og nærsamfélags með það að markmiði að gera nemendur að virkum þátttakendum í mótun samfélagsins.

2.5 Námsvitund

Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í námi og starfi. Fram kom í rýnihópum kennara og starfsfólks að unnið sé að því að kenna nemendum að setja sér markmið og hæfniviðmið í námi. Í rýnihópi nemenda kom fram að það eru aðallega nemendur á unglingastigi sem þekkja hugtökin markmið og hæfniviðmið og eru að vinna með þau í námi sínu. Einnig kom fram í rýnihópum kennara og starfsfólks og nemenda að unnið er með fjölbreyttar náms- og matsaðferðir. Eldri nemendur í rýnihópi þekkja og virðast gera sér grein fyrir námsmati, svo sem sjálfsmati, jafningjamati og mati kennara á verkefnum.

Á vettvangi var sýnilegt að unnið er með áhugasvið og margvíslega hæfileika nemenda í verkefnum og að nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja sér viðfangsefni, þekkja hæfniviðmið, leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Nefna má sem dæmi skapandi verkefni í list- og verkgreinum, sérstaklega í vali á unglingsstigi. Þá eru áhugasviðsverkefni á unglingsstigi sem eru samþætt verkefni í íslensku, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Þar setur kennari fram eitt til tvö hæfniviðmið með verkefninu og síðan velja nemendur sér tvö til þrjú hæfniviðmið til að vinna með í verkefninu. Þetta hefur einnig verið gert í íslensku. Að sögn viðkomandi kennara hefur þetta kallað á töluverðar breytingar á viðhorfi og aðkomu nemenda að verkefnum. Nemendur gera sér betur grein fyrir hæfniviðmiðum og markmiðum sem þeir eru að vinna að. Þá nýta þeir sér einnig mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.

Á vettvangi og í viðtali við nemendur er ljóst að unnið er með námsvitund nemenda í stigvaxandi mæli eftir aldri og er það sýnilegt á unglingsstigi. Í skólanámskrá kemur ekki fram hvernig unnið er markvisst með þennan þátt í námi nemenda frá upphafi skólagöngunnar.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og vinsemd. Það ríkir samvinna og stuðningur innan nemendahópsins. Haldnir eru vikulegir bekkjarfundir námshópa þar sem nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eins og fram hefur komið hafa nemendur á elsta stigi tækifæri til að hafa áhrif á framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi með fjölbreyttum áhugasviðsverkefnum.

Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks og í viðtali við skólastjóra að Skólapúlsinn er nýttur til að kanna líðan og viðhorf nemenda til skólastarfsins. Kennarar fylgjast einnig með líðan og framvindu náms með einstaklingsviðtölum við nemendur og fram kom í rýnihópi kennara að þeir bregðast fljótt og vel við ef þörf krefur.

Í starfsáætlun kemur fram hvernig nemendur eru kosnir til nemendafélags og í skólaráð. Ekki kemur fram hvernig kjörnir fulltrúar nemenda koma upplýsingum um ákvarðanir og umræður nefnda og ráða til nemenda. Stjórn nemendafélagsins sér fyrst og fremst um að halda viðburði fyrir alla nemendur skólans nokkrum sinnum yfir skólaárið. Fram kom í viðtali við skólastjóra og í rýnihópum að nemendur fá ekki sérstaka þjálfun til að starfa í nemendafélagi eða skólaráði. Þá kemur ekki fram skráð verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað og hvernig þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd náms og skólastarfs.

Styrkleikar

- Einkunnarorð og gildi skólans eru skýr og í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags.
- Samskipti nemenda og starfsfólks einkennast af virðingu og vinsemd.
- Fram kemur í drögum að skólanámskrá hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólastarfinu.
- Í drögum að námskrám nemendahópa koma fram lykilhæfni og hæfniviðmið.
- Stefna skólans um námsaðlögun er sýnileg og virk í daglegu skólastarfi á vettvangi.
- Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar.
- Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa til að efla framfarir nemenda.
- Samskipti í skólanum eru góð og nemendum líður vel samkvæmt niðurstöðum kannana og í rýnihópi nemenda.
- Foreldrar eru ánægðir með nám, kennslu, líðan nemenda og samskipti í skólanum.

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að margbreytilegum þörfum allra nemenda.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í námi sínu.
- Nemendum er kennt að taka þátt í að setja sér markmið í námi.
- Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka sem fyrst endurskoðun námskráa og birta á heimasíðu skólans.
- Gæta þess að samræma framsetningu námskráa og kennsluáætlana með tilskildum þáttum sem fram koma í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast lykilhæfni og námsgreinum í skólanámskrá.
- Vinna markvisst að því að efla sjálfsálit nemenda.
- Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.
- Skoða leiðir til að efla og virkja þátttöku foreldra við gerð námsáætlana með nemendum.
- Skilgreina betur hvað felst í námsmati í kennsluáætlunum í samræmi við markmið náms og hæfniviðmið.
- Vinna markvisst með grunnþætti menntunar og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Skrá í skólanámskrá hvernig unnið er markvisst að þróun námsvitundar nemenda.
- Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu. Samkvæmt viðtali við skólastjóra fór skólinn af stað haustið 2020 með markvisst innra mat sem hluta af skólastarfi. Gerð hefur verið langtímaáætlun fyrir árin 2021–2024, ásamt henni hefur verið gerð matsáætlun fyrir þrjá þætti skólastarfsins fyrir árið 2020–2021. Þeir eru: valgreinar í 7.–10. bekk, sjálfsmat kennara og stærðfræði. Í áætluninni kemur fram hvað skal meta, hvernig gagna er aflað, hver ber ábyrgð og sett hafa verið ákveðin matsviðmið um árangur. Þessar áætlanir má finna á heimasíðu skólans.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með reglubundnum hætti, skráð í Mentor og ígrundað á kennarafundum. Formlegt mat á kennslu, fagmennsku kennara og nýjungum í kennsluháttum fer ekki fram í skólanum af hendi skólastjóra eða í formi jafningjamats.

Í eftirfylgniúttekt á Grunnskólanum á Þórshöfn 2016 og í umbótaáætlun á eftirfylgniúttekt fyrir skólann 2019 sem er að finna á heimasíðu skólanas kemur fram að stofna þurfi matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila sem vinnur samkvæmt fyrir mælum laga og reglugerða. Þar kemur einnig fram að gera þurfi matsáætlanir og vinna samkvæmt þeim, afla fjölbreyttra gagna, greina niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta, setja fram niðurstöður og umbótaáætlun og vinna markvisst að umbótum og fylgja þeim eftir. Þessum þáttum hefur ekki verið fylgt eftir á markvissan hátt og ekki er til skýrsla um skipulag framkvæmd innra mats.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Matsteymi var stofnað í upphafi skólaárs og í því eru skólastjóri og tveir fulltrúar kennara. Fulltrúar nemenda, foreldra og starfsfólks koma ekki að mati á skólastarfi. Áætlanir og umbætur eru ekki bornar undir skólaráð með formlegum hætti þar sem skólaráð hefur ekki verið virkt þetta skólaár.

Skólinn nýtir aðallega Skólapúlsinn til að afla gagna fyrir innra mat. Í samtali við skólastjóra kom fram að aðferðir til gagnaöflunar mættu vera fjölbreyttari. Val aðferða ræðst í raun af hverju viðfangsefni fyrir sig, hópum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með.

Skólinn hefur verið þátttakandi í Skólapúlsinum sem leggur reglulega fyrir nemenda-, starfsmanna- og foreldrakannanir og þannig er hægt að fylgjast með hvar skólinn stendur í samanburði við þá skóla sem eru þátttakendur í Skólapúlsi á landsvísu. Niðurstöður Skólapúlsins hafa ekki verið birtar á heimasíðu skólans. Þegar niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins liggja fyrir eru þær kynntar foreldrum í tölvupósti. Kynning og umræður fara fram með kennurum og starfsfólki á sameiginlegum fundum. Nemendum eru ekki kynntar niðurstöður sérstaklega.

3.3 Umbætur

Hvorki er til staðar né hefur verið birt opinberlega skýrsla/greinargerð um umbætur sem byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Þá er ekki til staðar hvort eða hvernig

endurskoðun á innra mati og umbótum hefur farið fram. Samkvæmt viðtali við skólastjóra er áætlað að innramatsskýrsla og umbótaáætlun liggja fyrir í lok skólaársins.

Fram kom í rýnihópaviðtölum að brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim hlutum sem hafa verið metnir.

Styrkleikar

- Langtímaáætlun innra mats 2021–2024 liggur fyrir.
- Hafin er vinna við skipulag og framkvæmd innra mats.
- Mat og ígrundun á námi og árangri nemenda fer fram reglulega á óformlegan hátt.
- Við öflun gagna nýtir skólinn niðurstöður kannana í Skólapúlsi, samræmdra prófa og lesskimana Menntamálastofnunar.

Tækifæri til umbóta

- Meta markvisst stefnu skólans og starfshætti.
- Byggja upp fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir og matstæki.
- Vinna að formlegri innramatsskýrslu og birta á heimasíðu.
- Nýta og skrá markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur.
- Upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur innra mats.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, verkefni, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

Þáttur 4 – Upplýsingatækni í skólastarfi

Að ósk Grunnskólans á Þórshöfn og sveitarfélagsins var fjórði þátturinn, *upplýsingatækni í skólastarfi*, sérstaklega metinn. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þá kemur sá þáttur ekki fram í skólaprófil. Það eru fjórir þættir sem eru skoðaðir í upplýsingatækni í skólastarfi: stjórnun, kennsluhættir, nám nemenda og notkun þeirra á tækinu og samskipti heimila og skóla.

4.1 Stjórnun

Sveitarstjórn tók ákvörðun um að efla upplýsingatækni í skólastarfi (framvegis nefnt UT) með því meðal annars að nemendur í 7.–10. bekk fengu spjaldtölvur til eigin nota í námi sínu skólaárið 2018–2019. Spjaldtölvurnar eru fyrst og fremst notaðar í skólanum en stundum heima undir stjórn kennara. Aðrir námshópar hafa aðgang að spjaldtölvum, fartölvum og ýmsum viðbótartækjum til að efla UT-nám í skólanum. Skólinn er nokkuð vel búinn hvað varðar tækjabúnað. Allir kennarar eru með fartölvur og hafa fengið fjölbreytta starfspróun. Fyrir liggur áætlun vegna nauðsynlegs tækjabúnaðar og starfspróunar varðandi eflingu UT fyrir skólaárin 2019–2024.

Áherslur og notkun UT í námi nemenda eru vel sýnilegar á vettvangi og koma fram í nokkrum kennsluáætlunum. Stefna skólans um markmið, helstu áherslur og framkvæmd UT kemur hvorki fram í skólanámskrá né í námskrám hópa eða kennsluáætlunum. Fram kom í öllum rýnihópum að umræða um notkun UT í skólastarfi er lifandi og virk í námi og kennslu. Stjórnendur eru virkir í innleiðingu UT í skólastarfi og leggja áherslu á breytta kennsluhætti með notkun UT sem og starfspróun kennara hvað varðar stafræna tækni.


4.2 Kennsluhættir

Kennarar beita fjölbreyttum kennsluáðferðum þar sem UT og tæknin er hluti náms og kennslu. Kröfur til nemenda í námshópum og verkefni eru mismunandi og við hæfi hvers og eins. Kennarinn nýtir spjaldtölvur eða aðra tækni til utanumhalds og skipulags kennslu. Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda. Spjaldtölvur eða önnur tækni eru nýtt í sérkennslu án þess að nemandi sé fjarlægður úr nemendahópi. Verkefni efla tæknikunnáttu nemenda og færni þeirra til að beita tilheyrandi tækni við að leysa fjölbreytt verkefni. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í stafrænu læsi og tæknilæsi og að þeir gæti heimilda við vinnu verkefna.

Sjá mátti á vettvangi og fram kom í rýnihópum nemenda og kennara að nemendur eru hvattir til að fara ólíkar leiðir í námsmarkmiðum og hæfni í verkefnum. Fram kom í rýnihópi kennara og starfsfólks að ávinningur í námi og kennslu við notkun UT væri fjölbreytni, meira val, möguleikar og svigrúm til náms og kennslu sem og meira framboð á námsefni og áhugahvetjandi verkefnum.

Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis og nýtt á margvíslegan hátt, aðallega á unglingastigi en þar er upplýsingatæknin samþætt við flestar bóklegar greinar. Eins og fyrr hefur komið fram fá nemendur frá 7. bekk afhenta spjaldtölvu til eigin notkunar. Yngri nemendur hafa góðan aðgang að margs konar tækjum til notkunar í upplýsingatækni, svo sem spjaldtölvum, snjalltækjum og Osmo.

Á vettvangi nýttu nemendur snjalltæki/tölvur í um 25% kennslustunda og kennarar nýttu snjalltæki/tölvur í um 41% kennslustunda. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Á vettvangi voru það aðallega nemendur á unglingastigi sem nýttu UT við nám sitt.



Mynd 5. Notkun upplýsingatækni.

4.3 Nám nemenda og notkun þeirra á tækinu

Nemendur fá fjölbreytt verkefni og hafa tækifæri til að nýta styrkleika sína og áhugasvið í námi í stigvaxandi mæli eftir aldri. Nemendur í 8.–10. bekk hafa í sumum verkefnum áhrif á hvernig þeir vinna, val um nálgun og kynningu á viðfangsefni. Sem dæmi má nefna eru verkefni í stærðfræði og samþættingu áhugasviðsverkefnis í íslensku og samfélagsfræði á unglingsstigi. Sjá mátti á vettvangi að nemendur hafa ánægju af námi og verkefni eru þannig gerð að þau glæða áhugahvöt nemenda. Nemendur fá tækifæri til að nýta UT eftir eigin höfði að hluta til í námi sínu. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeir nýta UT sem eðlilegan og sívaxandi þátt í náminu. Settar hafa verið reglur um notkun snjalltækja og kennarar setja inn þau „öpp“ sem nýtt eru. Ekki er leyfilegt að vera með tækin í frímínútum. Fram kom í rýnihópi nemenda að skilningur er á þeim reglum sem settar hafa verið og stýringu kennara á notkun tækjanna.

4.4 Samskipti heimilis og skóla

Foreldrar fengu upplýsingar í tölvupósti um framkvæmd spjaldtölvuinnleiðingar og fram kom í rýnihópum foreldra og skólaráðs að óskað var eftir undirskrift foreldra og samþykki hvað varðar reglur um notkun vegna spjaldtölvanna. Foreldrar hafa ekki fengið kynningu á helstu áherslum, markmiðum og framkvæmd á breyttum kennsluháttum með UT. Kennarar nýta UT til að deila upplýsingum um skólastarfið með foreldrum og Mentor er nýttur til upplýsinga um nám og framvindu hvers nemanda. Fram kom í rýnihópum foreldra og skólaráðs almenn ánægja með þróun UT í námi og kennslu nemenda. Á þessu og síðasta skólaári hefur UT komið að góðum notum hvað varðar fundi með foreldrum á neti sem og við fjarnám hjá nemendum þegar þess þurfti. Vefsíða, Facebook-síða skólans og tölvupóstur eru nýtt til samskipta og til að deila upplýsingum um skólastarfið.

Styrkleikar

- Áherslur á notkun UT eru sýnilegar og sjálfsagður hluti í öllu skólastarfi.
- Allir nemendur hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum við notkun UT í námi sínu.
- Stjórnendur og kennarar leggja áherslu á breytta kennsluhætti með því að nota UT.
- Kennarar nýta rafrænt námsefni og tæknilegar lausnir við nám og kennslu.
- Nám og kennsla er skipulögð þannig að tækni og fjölbreytni er eðlilegur hluti námsins.
- Nemendur eru meðvitaðir um hvernig þeir nýta stafræna tækni til að efla nám sitt.

- Settar hafa verið reglur um notkun spjaldtölva/snjalltækja í skólastarfinu sem allir hagsmunaaðilar eru sáttir við.
- UT er nýtt til upplýsinga til foreldra og nemenda með fjölbreyttum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Móta og skrá stefnu skólans um markmið, helstu áherslur og framkvæmd UT í skólanámskrá.
- Skilgreina hvernig UT er nýtt og samþætt öðrum námsgreinum.
- Móta og skrá markmið og leiðir UT í námi nemenda í námskrár hópa og kennsluáætlanir.
- Kynna innleiðingu og framkvæmd UT á markvissan hátt fyrir foreldrum og skólasamfélagi.